




Umhverfismats- og forsenduskýrsla

fyrir tillögu að Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040

Sbr. skipulagslög nr. 123/2018 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

16. desember 2021



Efnisyfirlit

1 Inngangur	1
1.1 Viðfangsefni umhverfismatsins	1
1.2 Aðrar breytingar	1
2 Umhverfisbættir og viðmið	2
3 Mat á áhrifum	3
3.1 Aukin skógrækt	4
3.2 Breyttar veglinur og göng	9
3.3 Stækkun Mjóeyrarhafnar	16
3.4 Efnistaka	19
4 Samanlögð áhrif	30
5 Niðurstaða umhverfismats	30
6 Loftslagsmiðað skipulag	31
7 Helstu forsendur	32
7.1 Þróun íbúafjölda og búsetu	33
7.2 Húsnæði og lóðir	37
7.3 Atvinnustarfsemi	38

Ráðgjöf við gerð umhverfis- og forsenduskýrslu: Alta ehf



A1400-028-U01



1 Inngangur

1.1 Viðfangsefni umhverfismatsins

Umhverfismatskýrsla felur í sér umhverfismat, sem sett er fram í samræmi við ákvæði laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða. Efni skýrslunnar er ætlað að gefa yfirsýn yfir umhverfisáhrif þeirrar stefnu sem sett er fram í aðalskipulagstillögunni. Dregin eru fram þeir þættir stefnunnar sem líklegastir eru til að valda umhverfisáhrifum, þ.e. breytingum á þýðingarmiklum umhverfisþáttum sem tilgreindir eru. Áherslan er á atriði sem telja verður verulega breytingu frá fyrra skipulagi eða krefst umfangsmikilla framkvæmda sem ekki hafa orðið að veruleika. Það eru eftirtalin atriði og verða þau tekin til mats hér á eftir:

- Aukin skógrækt
- Breyttar veglínur og göng
- Stækkun Mjóeyrarhafnar
- Efnistaka

Mikilvægt hjálpartæki við matið er þemauppdráttur um náttúruvernd en þar koma fram fjölbreytt svæði þar sem gæta þarf varúðar af ýmsum ástæðum en skipulagsuppdrátturinn sjálfur sýnir aðeins friðlýst svæði og friðlýstar minjar.

1.2 Aðrar breytingar

Við endurskoðun aðalskipulagsins hafa allar afmarkanir á uppdrætti og skipulagsákvæði verið yfirfarin. Flest atriði hafa breyst á einhvern hátt, ofast með nákvæmari afmörkun, skýrari ákvæðum og markvissari

framsetningu, án þess að um verulega stefnubreytingu sé að ræða. Breytingar af þessu tagi er einkum eftirfarandi:

- Breytt afmörkun reita til samræmis við lóðamörk, mörk deiliskipulags, ýmsa staðhætti, o.þ.h. Einnig hefur mörkum reita verið breytt til að ná fram eðlilegri samfelli í reitaskiptingunni.
- Í sumum tilfellum hafa t.d. mörk reita í þéttbýli færst til og þá til að endurspegla betur þróun sem orðið hefur. Þetta getur t.d. átt við um mörk miðsvæða, athafnasvæða og svæða fyrir verslun og þjónustu en innan reita í þessum flokkum getur að hluta verið áþekkt landnotkun.
- Hafnarvæði eru nú að mestu takmörkuð við hafnarmannvirki en iðnaður á aðliggjandi svæðum er felldur undir reiti í flokki iðnaðar- eða athafnasvæða. Þetta endurspeglar þann raunveruleika að starfsemin á þessum svæðum eru alls ekki alltaf hrein hafnarstarfsemi. Iðnaðarsvæði á Stöðvarfirði er stækkað með um 1 ha landfyllingarræmu meðfram strönd reitsins (I-500).
- Í sumum tilfellum er um að ræða nýja stefnu um landnotkun en með óveruleg áhrif, t.d. ný svæði fyrir kirkjugarða eða tjaldsvæði.
- Hverfisvernd hefur verið tekin út þegar sama eða jafngild stefna um landnotkun er færð inn í skipulagsskilmála og þegar fyrir hendi eru hlíðstæð verndarákvæði sem sett eru með öðrum stjórntækjum, t.d. lögum um náttúruvernd. Þannig hafa t.d. hverfisverndarákvæði í fyrrum Breiðdalshreppi verið færð efnislega inn í almenna skilmála fyrir landbúnaðarsvæði og gilda þannig í öllu hinu sameinaða sveitarfélagi. Hafa þarf í huga að víða felur stefna um landnotkun í sér vernd, t.d. á óbyggðum svæðum, þar sem engin eða óveruleg mannvirkjagerð er heimil og hverfisverndarákvæði til viðbótar, sem hafa þann tilgang að takmarka mannvirkjagerð til að ná fram vernd, myndu engu bæta við stefnuna.
- Í stað hverfisverndar á afmörkuðum stöðum eru settir almennir skilmálar, t.d. fyrir landbúnaðarsvæði og opin svæði, um að gögn

vegna útgáfu framkvæmdaleyfis skuli sýna fram á að gætt hafi verið að varðveislu menningarmínja, vatnafars, jarðmyndana og viðkvæmra vistkerfa og engu slíku spillt að nauðsynjalausu.

Verndin er þannig mun víðtækari en ella.

- Mjörk landbúnaðarsvæða og óbyggðra svæða eru í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 dregin við 400 metra hæð en í Aðalskipulagi Breiðdalshrepps eru mörkin við 200 metra. Hér er farið bil beggja og dregin mörk við 300 metra. Þetta hæfur í raun ekki veruleg áhrif á stefnu um landnotkun í skipulaginu.

Almennt er lögð áhersla á styttri og hnitmiðaðri texta þar sem markmið sveitarstjórnar eru í forgrunni en með umfjöllun um nauðsynlegar forsendur og útskýringum um það hvernig markmiðin endurspeglast í skipulagsákvæðum.

2 Umhverfisþættir og viðmið

Við umhverfismat áætlaða ber að tilgreina þýðingarmikla umhverfisþætti sem líklegt er að stefna áætlunarinnar hafi áhrif á. Ofangreind meginatriði í stefnu aðalskipulagsins og matsskyldar framkvæmdir hafa augljóslega ólík áhrif á umhverfið og eru því þýðingarmiklir umhverfisþættir tilgreindir sérstaklega við umfjöllun um hvert þessara atriða. Til þess að koma auga á þá umhverfisþætti sem gætu talist þýðingarmiklir í hverju tilfalli var stuðst við eftirfarandi gátlista. Fyrir hvert atriði á listanum er sett fram sundurliðun til frekari skýringar.

- Loftslag
 - Styrkleiki koldíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti
 - Mengunarefni í lofti
 - Nærveður
- Landslag, byggðarmynstur og yfirbragð byggðar
 - Viðerni
 - Ósnortid/náttúrulegt yfirbragð
 - Fjölbreytileiki landslags og andstæður í landslagi, sérstaða/fágæti
 - Menningarlandslag; saga/sögulegt gildi, núverandi eða fyrri landnýting
 - Einkenni byggðar, s.s. þéttleiki og yfirbragð, tengsl við þjónuslu og opin svæði
 - Mikilvæg sjónarhorn eða kennileiti
- Lýðheilsa
 - Heilnæmi umhverfis, t.d. lofts og vatns
 - Ferðarátar og öryggi vegfarenda
 - Aðgengi og möguleikar til útivistar og íþróttar
 - Öryggi gagnvart náttúruvá
- Samfélag og byggðafesta
 - Búsetl, gæði og íbúðarhúsnæði
 - Atvinnulíf, þjónusta,
 - Samgöngur, fjarskipti
- Vistkerfi
 - Vistgerðir og/eða búsvæði, gróðurfar og dýralíf
 - Líffræð leg fjölbreytni
- Landkostir
 - Jarðveður
 - Jarðmyndanir
- Vatn
 - Vatnsgæði og vatnsbúskapur
 - Vottenci
 - Strandsjór
- Menningarmínjar
 - Friðlýstar og friðaðar fornleifar og hús
 - Samfélagslega mikilvægar menningarmínjar
 - Önnur menningarverðmæti

- Náttúruminjar
 - Svæði á náttúruminjaskrá (A, B og C hluta)
 - Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr.
 - Aðrar náttúruminjar, viðkvæm búsvæði og vátistategundir

Fyrir hvert atriði sem tekið er til mats eru valdir af listanum þeir bættir sem við eiga hverju sinni. Mat á umhverfisáhrifum felur það síðan í sér að líklegum áhrifum stefnunnar á umhverfisbættina er lýst í samhengi við og með samanagerð við markmiðssetningu stjórnvalda og, eftir atvikum, skuldbindingar skv. alþjóðlegum samningum. Þannig kemur fram hvort stefnan er í samræmi við þessa markmiðssetningu og hve langt hún gengur.

Viðmið eru sótt einkum í eftirfarandi gögn, með hliðsjón af eðli þeirra atriða sem tekin eru til mats. Gerð er grein fyrir samhengi þessara gagna við skipulagsgerðina í skipulags- og matslýsingu sem kynnt var í upphafi skipulagsferlisins.

- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- Landsskipulagsstefna 2015 - 2026 ásamt fram kominni tillögu að viðaukum.
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030.
- Vegvisir í ferðapjónustu (2015).
- Sóknaráætlun Austurlands 2020-2024.
- Bygðaaætlun 2018-2024.
- Samgönguáætlun 2020-2034.
- Áfangastaðaáætlun Austurlands.

Að auki kemur fram skýr stefnumörkun í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Í skipulags- og matslýsingu voru taldar upp fleiri áætlanir og hafa þær verið hafðar til hliðsjónar við mótun skipulagsins en varða ekki með beinum hætti þau atriði sem tekin eru til mats.

3 Mat á áhrifum

Þegar lýst er einkennum áhrifa eru gefnar fjórar einkunnir sem hér segir:

- **Jákvæð áhrif**, ef stefnutillaga styður viðkomandi umhverfisviðmið.
- **Neikvæð áhrif**, ef stefnutillaga vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
- **Óviss áhrif**, ef óvíst er eða háð útfærslu hvort stefnutillaga styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmið.

Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu á svæðis-, lands- eða heimsvísu, ná til fjölda fólks og/eða hvort þau séu óafturkræf og til langs tíma. Vægi er lýst með orðunum *veruleg*, *nokkur* eða *óveruleg* áhrif.

3.1 Aukin skógrækt

Gerðir hafa verið samningar milli Skógræktarinnar og nokkurra landeiganda um skógrækt á samtals um 1.580 ha lands í Fjarðabyggð. Matsskyldu skógræktar er lýst í töluíð 1.04 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Þar er tilgreint að skógrækt á 200 ha svæði eða stærra sé tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar (flokkur B).


Í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 er ekki sett skýr stefna um umfang skógræktar og skipulagsreglugerð þess tíma skilgreinði ekki sérstakan landnotkunarflokk fyrir skógrækt. Þess í stað er fjallað almenn: um skógrækt á landbúnaðarsvæðum og settar fram kröfur um tilkynningarskyldu til sveitarfélagsins og Skipulagsstofnunar ef fyrirhuguð skógrækt fer yfir 200 ha, eftir því hvort skógræktin nær til verndarsvæða eða ekki.

Í endurskoðuðu skipulagi eru afmarkaðir reitir í flokki skógræktar- og landgræðslusvæða og í sumum tilfellum eru fleiri en eitt samningssvæði innan sama reits. Reitirnir eru sem hér segir (í stærðarröð):

- SL-41 Vík og Víkurgerði (379 ha) ⇒ [vefsíða](#)
- SL-62 Brekkuborg (272 ha) ⇒ [vefsíða](#)
- SL-50 Óseyri og Stöð (236 ha) ⇒ [vefsíða](#)
- SL-63 Ormsstaðir 2 (165 ha) ⇒ [vefsíða](#)
- SL-10 Fannardalur (165 ha) ⇒ [vefsíða](#)
- SL-40 Eyri (148 ha) ⇒ [vefsíða](#)
- SL-30 Stuðlar (101 ha) ⇒ [vefsíða](#)
- SL-60 Lækjarbrekka og Höskuldsstaðir (80 ha) ⇒ [vefsíða](#)
- SL-61 Skriða (57ha) ⇒ [vefsíða](#)

Myndin hér á eftir sýnir hvar umrædd svæði er að finna, merkt með rauðum útlínunum, með þæmauppdrátt um náttúruvernd sem bakgrunn.

Engin veruleg skörun kemur fram við verndarsvæði á uppdrættinum, nema þar sem svæðin í Vík og Víkurgerði (SL-40) og Eyri (SL-41) skarast við svæði á C-hluta náttúruminjaskrár sem er afmarkað kringum Sandfell.



Skógræktarsvæði (rauðar útlínur) lögð ofan á þemaupprátt um náttúruvernd.

Þó þessir reitir séu nú afmarkaðir sérstaklega er ekki um að ræða verulega stefnubreytingu frá því sem áður var. Hins vegar er fyrir séð að skógrækt muni aukast töluvert og því eru metin áhrif stefnunnar á umhverfið.

Stefnan er útfærð með því að afmarkaðir eru áður nefndir reitir í flokki skógræktar- og landgræðslusvæða og sett ákvæði um skógrækt fyrir landbúnaðarsvæði og opin svæði. Á jöðrum þéttbýliskjarnanna eru opin svæði ("grænir treflar") þar sem skógrækt til fegrunar og landbóta er heimil. Reitir í flokki skógræktar- og landgræðslusvæða eru hins vegar fyrst og fremst ætlaðir fyrir nytjaskógrækt.

Þar sem ekki er um verulega stefnubreytingu að ræða eru ekki settir fram valkostir heldur leitast við að greina áhrif þeirrar stefnu sem hefur fest sig í sessi.

Hér eru metin áhrif skógræktarinnar á eftirtalda umhverfisþætti:

- Loftslag
- Landslag
- Lýðheilsa
- Samfélag og byggðafesta
- Vistkerfi
- Landkostir

Í 5. og 6. grein laga um skóga og skógrækt, nr. 33/2019 er kveðið á um gerð landshlutaáætlana og ræktunaráætlana. Landshlutaáætlun hefur ekki verið gerð fyrir Austurland en ræktunaráætlanir eru gerðar fyrir allar jarðir sem taka þátt í skógrækt á vegum ríkisins og eru eign skógarbónda. Þar er tekið er tillit til umhverfisþátta eins og landslagsheildar, vistkerfis og líffræðilegs fjölbreytileika.

Loftslag

Sækja má viðmið í [heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#), [Landsskipulagsstefnu](#) og [Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum](#) þar sem finna

má mjög eindregna hvatningu til að minnka styrk gróðurhúsalofttegunda í loftþjúpi jarðar. Í áætluninni er stefnt að því að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Sömu áherslur koma fram í [Umhverfis- og loftslagsstefnu Fjarðabyggðar 2020-2040](#) sem mótuð var samhliða aðalskipulaginu.

Stefna, sem eftir sem áður er hliðholl skógrækt, er því í góðu samræmi við þessa hvatningu. Í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að heildarbinding vegna náttúrulegs og ræktaðs skógar geti verið um 55.700 tonn á ári, gróflaga áætlað. Hafa verður í huga að þessi binding næst þó ekki fyrir en skógur hefur náð að dafna á öllum framangreindum svæðum. Nánar má skoða hvernig binding er háð tegundum, staðsetningu og tíma í skógar kolefnisreikni, sjá <https://reiknival.skoqur.is/>.

Áhrif á þennan umhverfisþátt teljast því veruleg og jákvæð.

Landslag

Erfitt er að finna viðmiðanir um það í opinberri stefnumörkun hvort það hefur góð eða slæm sjónræn áhrif að rækta skóg á tilteknu lardsvæði. Þó verður að líta svo á að almenn markmið sem fram koma í lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 gefi til kynna að skógar séu taldir æskilegir í landslaginu.

Í 70. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að við ræktun skuli þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands.

Þegar Skógræktin gerir samninga við bændur er gerð áætlun fyrir það land sem á að taka undir skógrækt. Tekið er tillit til ýmissa þátta, m.a. vistkerfis, landslags og staðsetningar. Þannig er séð fyrir því að þær trjátegundir sem er plantað falli að landi og lífríki staðarins. Í áætlununum er reynt eftir fremsta megni að haga gróðursetningu þannig að ekki myndist óæskilegar línur sem afmarkast af girtri spildu sem viðkomandi

bóndi hæfur tekið undir skógrækt. Hins vegar er það undir hverjum og einum skógræktarbónda að framfýgja áætluninni.

Myndin hér fyrir framan sýnir að eina skörunin við verndarsvæði sem sýnd eru á þemaupprætti um náttúruvernd er þar sem svæðin í Vík og Víkurgeði (SL-40) og Eyri (SL-41) skarast við svæði á C-hluta náttúruinjanaskrár sem er afmarkað kringum Sandfell. Sandfell er sérstæður líparíteill með ljósar skriður sem ná niður í um 250 metra hæð. Fyrirhugðu skógrækt: á Eyri nær hæst upp í um 180 metra í hlíðum Sandfellsins.

Lýðheilsa

Í viðauka við Landsskipulagsstefnu um lýðheilsu er lögð áhersla á að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði gert ráð fyrir heildstæðu kerfi fjölbreyttra og vandaðra útivistarsvæða af mismunandi stærð og gerð sem gefi kost á hreyfingu, leik, samskiptum og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa.

Meðal markmiða í lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 er að auðvelda aðgengi fólks að skógur til útivistar.

Í nýjaskógum er það ávörðun landeiganda hvort þeir nýfast að hluta til heilnæmrar útivistar. Á hinn bóginn er það meginmarkmið skógræktar á opnum svæðum að gera umhverfið fjölbreyttara og skjólsælla til útivistar.

Stefna um skógrækt telst því hafa veruleg og jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn.



Ljóst er að áhrif skógræktar á umhverfisþáttinn geta verið veruleg en gildismat hvers og eins verður að segja til um hvort áhrifin séu jákvæð eða ekki.

Til mótvægis mögulegum neikvæðum áhrifum eru settir skilmálar fyrir reiti í flokkum skógræktar- og landgræðslusvæða, landbúnaðarlands og opinna svæða um að skógrækt sé ekki heimil þar sem vermdar er þörf, t.d. vegna jarðminja, menningarminja eða vistkerfa.

Samfélag og byggðafesta

Í byggðaaætlun er sett stefna um að skógrækt verði eflid sem atvinnugrein með áherslu á landshlutaáætlanir í skógrækt og þróun nýtingar skógarafurða.

Órar breytingar eru í atvinnuháttum til sveita og sókn eftir fjölbreyttari tækifærum til atvinnusköpunar.

Langflestir skógar eru í einkaeign og hefur það verið undir hverjum og einum skógræktar bónda að finna markað fyrir hráefnið sem gefst af skógrækt. Nú þegar eru fyrirtæki á Austurlandi sem vinna afurðir úr skógum af svæðinu. Búast má við að markaður fyrir íslenskar skógarafurðir muni fara vaxandi þar sem skógrækt er að aukast.

Stefna um skógrækt telst því hafa veruleg og jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn.

Vistkerfi

Til viðmiðunar eru lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Þar er m.a. tekið fram að vernda skuli líffræðilega fjölbreytni. Í 6. gr. laganna segir að *“vinna skal ræktunaráætlun fyrir alla nýræktun skóga sem nýtur fjárframlaga úr ríkissjóði. Í ræktunaráætlun skal fjalla um markmið viðkomandi skógræktar, landfræðilega afmörkun viðkomandi skógræktarsvæðis, staðsetningu svæða þar sem ekki skal gróðursetja, svo sem verndarsvæða, og tillögur um undirbúning lands og trjátegundir.* Skógræktin veitir leiðbeiningar um nýræktun skóga og gerð ræktunaráætlana”.

Í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er lögð rík áhersla að sporna gegn loftslagsbreytingum og spilar þar aukin skógrækt stórt hlutverk. Heimsmarkmiðin leggja einnig áherslu á að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka

verulega nýskógrækt og endurrækt skóga um allan heim (markmið 15.2). Einnig eru markmið um að vernda líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi og að nýting þeirra sé sjálfbær (15.a) og að gripið verður til ráðstafana til að koma í veg fyrir aðflutning ágengra tegunda og áhrif þeirra (markmið 15.6).

Áhrif skógræktar á tegundaaúðgi hefur verið rannsökuð, sbr. fræðastörf Ásrúnar Elmarsdóttur o.fl. í grein frá 2011 ([Áhrif skógræktar á tegundaaúðgi](#)) kemur fram að þótt almennt sé talið að tegundaaúðgi mirnki í manngerðum vistkerfum, eins og ræktuðum skógum, sé það alls ekki einhlítt. Í rannsókn sem greint er frá kom fram að ekki reyndist vera marktækur munur á tegundaaúðgi skóglauss mólendis í samanburði við gróðursetta barrskóga og sjálfsána birkiskóga eða milli náttúrulegra birkiskóga og manngerðra barrskóga. Tegundaaúðgi er þó ekki einhlítur mælikvarði á viðgang vistkerfa, tegundafjölbreytni skiptir einnig máli, þ.e. jafnræði tegunda innan vistkerfisins.

Hafa þarf í huga að ástand landsins sem tekið er til skógræktar skiptir máli. Einnig breytist tegundafjölbreytni með framvindu skógarins, hún getur aukist meðan skógurinn vex upp en minnkað aftur þegar skógurinn myrkvast. Á seinni stigum verður fjölgun einkum í tegundum jarðvegsdýra og sveppa.

Áhrif skógræktar á umhverfisþáttinn eru því veruleg að því leyti að tegundasamsetning breytist en erfið að segja til um hvort breytingin er jákvæð eða neikvæð.

Landkostir

Eitt af markmiðum laga um skóga og skógrækt nr 33/2019 er að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvára.

Til viðmiðunar er einnig stefna í landsskipulagsstefnu og jarðalögum um að varðveita beri gott landbúnaðarland og taka ekki gott ræktarland úr landbúnaðarlotum. Einnig má nefna almenn markmið um vernd lífríkis

Íslands í Velferð til framtíðar, stefnumörkun til 2020 um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi.

Við gerð skógræktarsamninga er gerð ræktunarátætlun þar sem tekið er tillit til þátta á borð við landslagsgerð útsýni, vistkerfi og líffræðilegan fjölbreytileika.

Hvernig skógræktin afmarkast í samhengi við staðbundnar kringumstæður, t.d. jarðveg og votlendi, er ekki viðfangsefni aðalskipulagsins heldur er það ákveðið í ræktunarátætlunum. Hins vegar kemur fram skýr stefna um vernd, sérstaklega þeirra fyrirbæra sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og að skógrækt þurfi að falla vel að svipmóti lands sbr. 70. gr. sömu laga. Í greinargerð aðalskipulagsins er gerð fyrir flokkun lands eftir því hve vel það hentar til akuryrkju skv. leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og áskilið að ekki sé gengið á gott akuryrkjaland að nauðsynjalausu.

Samantekt

Stefna um skógrækt er verulega jákvæð fyrir loftslag, lýðheilsu og samfélag. Skógrækt breytir tegundasamsetningu, tegundafjölbreytni og ásýnd en erfið að fullyrða um það hvort áhrifin eru jákvæð eða neikvæð.

3.2 Breyttar veglínur og göng

Í samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 og meðfylgjandi aðgerðaráætlun fyrir 2020-2024 er gert ráð fyrir að gerðar verði verulegar endurbætur á veginum milli Reyðarfjarðar og Breiðdalsvíkur á 3. tímabili áætlunarinnar. Helstu kaflar sem þarf að bæta eru í botni Reyðarfjarðar, Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar og á suðurströnd Fáskrúðsfjarðar.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist við Fjarðarheiðargöng á árinu 2022 og í framhaldi af þeim verði síðan ráðist í gerð jarðganga á milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar (Seyðisfjarðargöng) og Mjóafjarðar og Fannardals (Mjóafjarðargöng).

Myndin sýnir með rauðum línunum hvar veglínur breytast. Efst eru göngin tvönn með viðkomu í Mjóafirði en þar eru engir vegir fyrir. Þessi göng munu, ásamt Fjarðarheiðargöngum, mynda hringleið um norðanverða Austfirði. Breyttar veglínur í Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði hafa þann tilgang að laga veginn betur að landinu auk þess sem nauðsynlegt er að endurbyggja veginn á köflum.

Mat á umhverfisáhrifum hefur ekki farið fram fyrir neina af þessum breytingum en fyrir liggja frumdrög að umhverfismati frá Vegagerðinni frá 2019. (Hringvegur (1u0 – 1u7) Reyðarfjörður - Breiðdalsvík, frumdrög. Vegagerðin, janúar 2019).


Framkvæmdirnar eru nánar tilgreindar á myndunum hér á eftir.

Í þessu umhverfismati á aðalskipulagsstigi eru ekki settir fram eiginlegir valkostir við ofangreindar framkvæmdir heldur litið svo á að þær séu þarfar og til þess fallnar að styrkja búsetu í sveitarfélaginu. Athyglin beinist þess í stað að því að gera grein fyrir líklegum áhrifum framkvæmdanna og draga fram atriði sem kunna að kalla á sérstaka aðgæslu eða mótvægisáðgerðir, samanborið við það að aðhafast ekki (núllkostur). Í


fyrirnefndum frumdrögum að umhverfismati Vegagerðarinnar eru þó dregnir fram valkostir fyrir tvo kafla, þ.e. Fáskrúðsfjarðarbotni að Vík og fyrir tengingu að þéttbýli Fáskrúðsfjarðar.

Nánari greining á áhrifum mun fara fram á hönnunar- og framkvæmdastigi.

Í gildandi aðalskipulagi eru þessar breyttu veglínur í botni Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar þegar sýndar en með lítillega annarri útfærslu.




Til að gera nánari grein yfir framkvæmdunum eru hér á eftir sýndar núverandi veglínur og þær nýju skv. skipulagstillögunni. Myndirnar eru lagðar ofan á þemaupplítt um náttúruvernd með táknskýringum sem hér segir:




Myndin sýnir staðsetningu framkvæmdanna sem lýst er á myndunum á næstu síðum.

A Seyðisfjarðargöng




Seyðisfjarðargöng, úr Mjóafirði í Seyðisfjörð eru 4,7 km.

B Mjóafjarðargöng




Mjóafjarðargöng, úr Fannardal í Mjóafjörð eru 7,0 km.

C Botn Reyðarfjarðar




Hringvegur, um Reyðarfjarðarbotn. Framkvæmd á Hringvegi, um botn Reyðarfjarðar felur í sér 1,8 km langa vegagerð og byggingu á tveimur nýjum brúm, annars vegar brú á Sléttuá og hins vegar brú á Fossá. Þá þarf að endurbyggja um 2,0 km langan tengiveg í fjarðarbotninum.

D Fáskrúðsfjörður



Hringvegur, Fáskrúðsfjarðarbotn – Vík. Framkvæmd á Hringvegi um Fáskrúðsfjarðarbotn að Vík í sunnanverðum Fáskrúðsfirði, felur í sér um 12,9-13,1 km langa vegagerð, háð valkostum, auk byggingar einnar nýrrar brúar á Tungudalsá.

E og F Stöðvarfjörður



Hringvegur, Vík – Stöðvarfjörður. Framkvæmd á Hringvegi milli Víkur í sunnanverðum Fáskrúðsfirði að þéttbýli Stöðvarfjarðar, felur í sér vegagerð á um 12,5 km löngum kafla.

Hringvegur, Stöðvarfjörður – Heyklífsvegur. Framkvæmd á Hringvegi í Stöðvarfirði, frá Sellæk vestan við þéttbýli Stöðvarfjarðar að Heyklífsvegi á Kambanesi, felur í sér vegagerð á um 9,3-9,4 km löngum kafla, háð valkostum og byggingu nýrrar brúar á Stöðvará í botni fjarðarins.

Hér eru metin áhrif vegagerðar á eftirtalda umhverfisþætti:

- Loftslag
- Náttúruminjar
- Landslag
- Samfélag og byggðafesta

Loftslag

Með betri vegsamgöngum má búast við aukinni notkun ökutækja og þar af leiðandi aukinni á losun koltvísýrings, meðan kolefnisorkugjafir eru almennt notaðir. Íslenska ríkisstjórnin hefur einsett sér að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en markmið 13.2 áskilur að aðgerðir í loftslagsmálum og ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er leiðarvísir íslenskra stjórnvalda um það hvernig minnka megi losun gróðurhúsalofttegunda. Aðgerð A.6 tekur fyrir lög og reglur vegna orkuskipta og innviða fyrir vistvæn ökutæki og leggur til að fjölga hraðhleðslustöðvum. Þessi aðgerð yrði mikilvægur liður í að koma með mótvægisáðgerð við þá aukningu bílaumferðar sem bætтар vegsamgöngur gætu valdið.

Í viðauka við Landsskipulagsstefnu er lögð rík áhersla á loftslagsmiðað skipulag (gr. 5.0.1). Þar er tekið fram að með kolefnishlutleysi að leiðarljósi þurfi að marka stefnu sem miðar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun og auka kolefnisbindingu. Markmið 5.1.2 um skipulag innviða í þágu loftslagsvæna samgangna tilgreinir að í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á virka ferðamáta og almenningssamgöngur. Skipulag styðji einnig við orkuskipti og skapi, eftir

Því sem kostur er, skilyrði fyrir samtengdu kerfi samgangna. Einnig er tekið fram að sveitarfélag hvetji íbúa til loftslagsvæns lífsstíls með aðgengilegum upplýsingum um skipulag og innviði.

Þótt bættir vegir og göng geti leitt til aukinnar umferðar bíla sem losa koldíoxíð er það ekki einhlítt. Göng geta stýtt leiðir og þannig dregið úr akstri og greiðfærari vegir auðveldað smærri og sparneytnari bílum för. Mirni og jafnari halli veldur einnig minni útblæstri og snjóruðningur minni. Búast má við að á skipulagstímabiliinu náist verulegur árangur í orkuskiptum bílaflotans.

Bættir vegir og göng leiða til verulega bættis umferðaröryggis og minni hættu á mengun vegna óhappa sem leita leitt til olíuleka.

Gera má ráð fyrir að sjálfar framkvæmdirnar hafi í för með sér nokkra losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. vegna efnisvinnslu og efnisflutninga.

Áhrif vegabóta og ganga á loftslag eru því metin óveruleg og reikvæð.

Náttúruminjar

Markmið laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnatttrænum umhverfisbreytingum.

Á myndunum hér á undan eru nýjar veglínur lagðar ofan á þemaupprátt um náttúruvernd. Fram kemur að gangamunnar gætu raskað skóglendi í Fannardal og Mjóafirði en ekki liggur fyrir hvort um er að ræða sérstæða eða vistfræðilega mikilvæga birkiskóga.

Í botni Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar er hætta á að vegagerð skv. veglínur sem sýndar eru í tillögunni geti raskað sjávarfijum. Skoða þarf nánar á hönnunarségi hvar sjávarfijar er að finna og hvernig draga má úr þessum áhrifum.

Breytt veglína í botni Fáskrúðsfjarðar liggur um frjólýst æðarvarp og í sunnanverðum Fáskrúðsfirði liggur hún að æðarvarpi og Klóþangsfjörðu.

Í Stöðvarfirði er ekki um að ræða svæði sem njóta verndar en nokkurt jarðrask mun verða þar sem vegurinn er færður til.

Til mótvægis þyrfti að hafa framkvæmdatíma þannig að æðarvarp verði fyrir sem minnstri truflur og færa eldra vegstæði í upprunalegt horf.

Áhrif vegabóta og ganga á náttúruminjar eru því metin óveruleg og reikvæð.

Landslag

Í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu, gr. 6.0.1 segir að við skipulagsgerð sveitarfélaga taki ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. Leitast verði við að haga skipulagi byggðar og landnotkunar þannig að verðmætt landslag sé varðveitt og að hönnun byggðar og bæjarrýma leggi af mörkum til að efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og byggðu.

Áhrif gangagerðar á landslag felast helst í ásýnd gangamunna og haugsetningu útgrafsins efnis. Ekkert liggur fyrir um útfærslu þessara atriða en af þekktum forðæmum má ráða að áhrifin séu ekki veruleg. Mjóifjörður er þó einna viðkvæmastur vegna þess hve lítil mannvirki eru í firðinum fyrir.

Samfélag og byggðafesta

Í Samgönguáætlun 2020-2024 er stefnt að því að auka lífsgæði um land allt með bættum samgöngum og styrkja þann grunn sem nauðsynlegur er til að efla fjölbreytta atvinnu og bæta samkeppnishæfni, svo sem með betra aðgengi að þjónustu.

Í Sóknaráætlun Austurlands 2020-2024 segir í framtíðarsýn að göng tengi staði.

Göng munu gerbreyta tækifærum til samskipta og atvinnuþátttöku milli Seyðisfjarðar og byggðarinnar í Fjarðabyggð. Göngin kunna einnig að hafa áhrif á flæði ferðafólks sem kemur að landi í Seyðisfirði.

Að sama skapi er greið og örugg veltenging um suðurfirðina mikilvæg, sérstaklega í ljósi þess að þar eru göng milli fjarða ekki enn komin á áætlun.

Áhrif vegabóta og ganga á samfélag og byggðafestu eru því metin veruleg og jákvæð.

Samantekt

Áhrif ganga og vegabóta eru lítillega neikvæð á landslag, loftslag og náttúruminjar en verulega jákvæð á samfélag og byggðafestu.

3.3 Stækkun Mjóeyrarhafnar

Mjóeyrarhöfn er með stærri vöruflutningahöfnum landsins. Lengd bryggjukanta er 380 metrar og dýpi 14,5 metrar. Vöruflutningar um höfnina hafa farið vaxandi og nema tæplega 1.500 þúsund tonnnum á ári. Hún er staðsett skammt frá álveri Alcoa Fjarðaáls og þjónar fyrirtækinu varðandi aðdrætti og útflutning á álafurðum. Stefnt er að stækkun hafnarinnar, bæði á núverandi hafnar svæði og með nýju hafnar svæði austan álversins.

Núverandi svæði fyrir Mjóeyrarhöfn vestan álversins (H-301) er ekki fullnýtt en þar er einkum gert ráð fyrir flutningastarfsemi og iðnaði tengdum álverinu. Á hinn bóginn hafa á undanföllum árum komið fram margvíslegar hugmyndir um plássfreka iðnaðar- og hafnarstarfsemi sem gæti notið góðs af sterkum orku- og samgönguinnviðum á Mjóeyri. Til dæmis var undirrituð viljayfirlýsing Fjarðabyggðar, Landsvirkjunar og CIP sem varðar grænan orkugarð á Reyðarfirði. Í fyrstu verða kannaðir kostir þess að framleiða rafeldsneyti með vetni á Reyðarfirði en einnig verður farið í að skoða og greina möguleg samlegðaráhrif við aðra starfsemi á svæðinu. Þar verður meðal annars horft til möguleika á orkuskiptum í sjávarútvegi og landflutningum, endurnýtingu varma til húshitunar á Reyðarfirði og notkun súrefnis við landeldi á fiski. Aður hafa verið skoðaðar hugmyndir um nýtingu glatvarma frá álverinu fyrir seyðaeldi, umskipunarmiðstöð fyrir gáma, aðstöðu fyrir olíuleit og birgðahald, svo eitt hvað sé nefnt. Það er sveitarfélaginu mjög mikilvægt að geta sýnt fram á að rúmgott svæði til þessara þarfa sé þegar staðfest í skipulagi.

Í aðalskipulagstillögunni er óbreytt stefna um að Mjóeyrarhöfn gegni því hlutverki að vera aðal flutningahöfn á Austurlandi og miðstöð þjónustu tengdri flutningum á sjó og landi. Sett er stefna um að þar geti einnig verið rými fyrir iðnað sem tengist nálægum innviðum og starfsemi.

Til að framfylgja stefnunni í tillögunni er afmarkað nýtt hafnar svæði H-302 Mjóeyrarhöfn eystri sem er 43,7 ha.

Með afmörkun svæðisins er eitast við að skapa svigrúm fyrir vöxt í hafnarstarfsemi auk rými fyrir áður nefnd tækifæri, t.d. í flutningastarfsemi, fiskeiði og fleiri greinum.

Ekki eru taldir aðrir raunhæfir staðarvalskostir fyrir svæði af þessu tagi og auðvelt að benda á að það er í nánjum tengslum við afkastamikla innviði sem þjóna álverinu og þeim hluta Mjóeyrarhafnar sem þegar er risinn. Þynningarsvæði álversins nær yfir svæðið og önnur not af svæðinu eru því takmörkuð.



Land austan álversins er að hluta raskað en er að mestu melur í 1C-15% halla. Þarna var áður býið Flateyri en rétt utan hins afmarkaða svæðis er bærinn Hólmar.

Hönnun svæðisins liggur ekki fyrir en afmörkun á aðalskipulagsstigi miðast við að móta megi hafnarsvæðið og landfyllingu sem því fylgir að mestu með efnistöku úr skeringum innan svæðisins og að hluta með dýpkunarefni.

Hér eru metin áhrif af stækkun Mjóeyrarhafnar á eftirtalda umhverfisþætti:

- Landkostir
- Landslag
- Samfélag og byggðafesta
- Menningarminjar

Landkostir

Um gæði landsins frá sjónarhóli möguleika til akuryrkju má hafa til viðmiðunar leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands sem auðlinda- og nýsköpunarráðuneytið gaf út í mars 2021. Þar kemur fram að land yfir 12% halla fer í fjórða flokk og land með halla 8-12% fer í þriðja flokk.

Á umræddu svæði er hallinn að jafnaði 10-15%. Algengustu vistgerðir skv. vistgerðagögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands eru mosamelavist, lyngmóavist á láglendi og língresis- og vingulsvist en þær benda til 25-90 cm jarðvegsþykktar. Af þessu má ráða að þótt landið sé ræktanlegt sé það tæplega kjörlendi fyrir akuryrkju. Hafa þarf þó í huga að áreiðanleiki vistgerðaflokkunar Náttúrufræðistofnunar liggur ekki fyrir.

Hafnarsvæðið er allt innan þynningarsvæðis skv. starfsleyfi álversins en þar eru umhverfismörk fyrir flúoríð sett 0,3 µg/m³ af vetnisflúoríði sem meðaltal fyrir tímabilið 1. apríl til 30. september ár hvert. Aukin mengun innan þynningarsvæðisins kann að hafa áhrif á möguleika til akuryrkju.

Ekki er vitað um neinar sérstæðar jarðmyndanir innan umrædds svæðis.

Áhrif hafnarsvæðisins á landkosti eru því metin neikvæð en óveruleg á þeirri forsendu að ekkert fágætt eða sérstakt er á svæðinu og önnur notkun er verulegum takmörkunum háð.

Landslag

Með stækkun Mjóeyrarhafnar til austurs nálgast mannvirkjasvæðið Hólmanes (OP-30, 237,5 ha) sem er friðlýst að hluta sem fólkvangur og að hluta sem friðland. Hólmanes er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og þjónar því mikilvægu samfélagslegu og lýðheilsuhlutverki fyrir byggðina. Um svæðið gildir stjórnunar- og verndaráætlun frá 2017.

Til viðmiðunar er tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu, gr. 6.0.1, þar sem segir að við skipulagsgerð sveitarfélaga taki ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. Leitast verði við að haga skipulagi byggðar og landnotkunar þannig að verðmætt landslag sé varðveitt og að hönnun byggðar og bæjarryma leggi af mörkum til að efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og byggðu.

Hafnarsvæðið austan álversins mun verða mjög sýnilegt frá suðurhluta Hólmanes og hafa þannig neikvæð áhrif á sjónræna upplifun þeirra sem njóta útivistar þar. Þau áhrif eru þó að mestu þegar fram komin því álverið sjálft er sýnilegt í sömu átt. Viðbótaráhrif vegna nýja hafnarsvæðisins eru því metin neikvæð og óveruleg.

Ásýndaráhrif eru einnig nokkur fyrir þá sem eiga leið um suðurströnd Reyðarfjarðar en þau eru á sama hátt að mestu þegar fram komin.

Til að milda hin neikvæðu áhrif má grípa til mótvægisáðgerða:

- Taka tillit til landslags við hönnun á byggingum, t.d. að nota jarðliti eða græn þök.

- Nota gróður þar sem hægt er, aðallega austan við helstu mannvirki til að milda ásynd frá Hólmanesi.

Ski málars reitsins endurspeglar þessar mótvægisáðgerðir.

Samfélag og byggðafesta

Hafnir eru hluti af samgönguinnviðum, m.a. fyrir vörulutninga en jafnframt vettvangur atvinnustarfsemi sem nýtir sér hafnarstöðuna. Í Samgönguáætlun 2020-2034 er stefnt að því að auka lífsgæði um land allt með bættum samgöngum og styrkja þann grunn sem nauðsynlegur er til að efla fjölbreytta atvinnu og bæta samkeppnishæfni, svo sem með betri aðgangi að þjónustu.

Í aðalskipulagstillögunni er áréttuð stefna í gildandi skipulagi um að Mjóeyrarhöfn sé aðal flutningahöfn á Austurlandi. Núverandi hafnarsvæði vestan álversins er ekki fullnýtt en það er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að geta boðið gott landrými til langs tíma þegar fyrirtæki velja sér stað fyrir starfsemi sína. Mjóeyrarhöfn er miðsvæðis í sveitarfélaginu og miðsvæðis á Austfjörðum.

Áhrif á samfélag og byggðafestu eru metin veruleg og jákvæð.

Menningarmínjar

Fornleifar hafa ekki verið skráðar á framkvæmdasvæðinu í samræmi við nýjar vinnureglur en fyrir liggur skýrsla frá árinu 1999, [Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Reyðarfirði](#). Þar segir um bæinn Flateyri, sem er vestarlega á reitnum:

SM-136:015-016: Krókur / Flateyri

Krókur er afbýli vestarlega í landi Hólma sem fór í eyði um 1757 (skv. Olavíusi) en byggðist aftur um 1813 (skv. sóknarlýsingu 1843).

Á þessum stað stendur nú bæinn Flateyri. Þarna eru án efa talsverðar mannvistarleifar, a.m.k. frá 18. öld og síðar.

Nýlegar rannsóknir liggja ekki fyrir og því ekki ljóst hvert varðveislugildi minjanna er en gera verður ráð fyrir því að þær muni hverfa.

Samantekt


Áhrif af ráðstöfun umrædds lands til stækkunar á Mjóeyrarhöfn eru metin óveruleg og neikvæð á landkosti og landslag en veruleg og jákvæð fyrir samfélag og byggðafestu. Áhrif á minjar verða neikvæð en óljóst hve veruleg þau eru.

3.4 Efnistaka

Í aðalskipulagstillögunni er smærri efnistökusvæðum í Breiðdal fækkað nokkuð og sett skýr stefna um frágang náma sem hætt er að nýta. Á hinn bóginn eru skilgreindar nýjar eða stækkaðar námur til að mæta þörf samfélagsins fyrir jarðefni á skipulagstímabilinu og eftir sem áður er heimild til að nýta jarðefni úr árfarvegum á landbúnaðarsvæðum að uppfylltum skilyrðum, án sérstakrar merkingar á uppdrætti. Um er að ræða eftirtaldar námur sem sýndar eru á yfirlitsmyndinni til hliðar og í nærmynd á næstu síðum:

- E-10, Skuggahlíðarbjarg, grjótnáma
- E-11, Skuggahlíð, malarnáma
- E-12, Við afleggjarann að gamla vegi yfir Oddsskarð
- E-13, Melar við Dysjadalsá við Karlsstaði í Vöðlavík
- E-30, Melshorn, malarnáma
- E-31, Vinnslusvæði við Sléttuá
- E-32, Slétta, malarnáma
- E-33, Hróteyri, grjótnáma
- E-34, Klappir vestan álvers, grjótnáma
- E-38, Melur utan vegar við Hrafná
- E-40, Gestsstaðir, malarnáma
- E-41, Tungva, malarnáma
- E-43, Malarnáma í landi Kappeyrar
- E-44, Víkurgerði, malarnáma
- E-45, Grænnípa, malarnáma, tímabundin
- E-50, Garðsá, malarnáma, tímabundin
- E-500, Byrgisnes, grjótnáma, tímabundin
- E-52, Merkigil, malarnáma, tímabundin
- E-64, Hrafnagilsá, malarnáma

Fjórar af námunum eru tímabundnar vegna framkvæmda við Hringveg. Ekkert ofangreindra efnistökusvæða skarast við svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.




Yfirlit yfir nýjar eða stækkaðar námur.



Skuggahlóðarbjarjarg í Norðfirði (E-10), grjótnáma sem hefur verið í rekstri en er stækkuð til suðurs, sett mörk við 3.5 ha svæði og að efnistaka verði alls 100.000 m³.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fib/ask/?z=13.52&lat=65.11331415&lng=-13.83720617>



Skuggahlóð í Norðfirði (E-11), malarnáma úr sjávarhjalla. Hefur verið nýtt en er stækkuð í 4,2 ha með vinnslusvæði og 49.000 m³ efnistöku. Efnistökusvæðið nær að litlum hluta inn á ræktuð tún.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fib/ask/?z=15.50&lat=65.11400168&lng=-13.81815587>



Malarnáma við afleggjarann að gamla vegi yfir Oddsskarð (E-12).
Efnistaka vegna viðhalds vega, hámark sett við 25.000 m² og 50.000 m³.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fjbr/ask/?z=15.81&lat=65.06495555&lng=-13.91389712>



Melar við Dysjadalsá við Karlsstaði í Vöðlavík (E-13). Efnistaka vegna viðhalds vega, hámark sett við 25.000 m² og 50.000 m³.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fjbr/ask/?z=15.76&lat=65.02819326&lng=-13.66091489>



Melshorn (E-30). Efnistaka úr sethjalla vegna viðhalds vega, hámark sett við 25.000 m² og 50.000 m³.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fjb/ask/?z=15.76&lat=65.02819326&lng=-13.66091489>



Slétta í Reyðarfirði (E-32) ásamt vinnslusvæði (E-31). Þarna hefur verið efnistaka úr farvegi Slétuár en með afmörkun nýs efnistokusvæðis er efnistakan færð upp úr farveginum á þykkara set norðan árinna. Gert er ráð fyrir efnistöku að hámarki 150.000 m³ á 12,4 ha svæði. Svæðið nær að litlum hluta yfir ræktuð tún.

Vinnslusvæðið hefur verið í notkun.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fjb/ask/?z=13.90&lat=65.02106302&lng=-14.24671525>



Grjótnáma við Hruteyri við sunnanverðan Reyðarfjörð (E-33). Afmarkað svæði er 6,8 ha en skipulagsákvæði heimila grjótnám á allt að 50.000 m² og allt að 150.000 m³ innan hins afmarkaða svæðis.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fjb/ask/?z=15.76&lat=65.02819326&lng=-13.66091489>



Klappir vestan álvers í Reyðarfirði (E-34). Þetta er nýtt svæði fyrir grjótnám, 3,0 ha með efnistöku að hámarki 250.000 m³.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fjb/ask/?z=13.67&lat=65.03405229&lng=-14.14830545>



Melur utan vegar við Hrafná (E-38). Efnistaka vegna viðhalds vegna, hámark sett við 25.000 m² og 50.000 m³.

Vefsjá:

<https://geo.alta.is/fib/ask/?z=13.38&lat=65.01315335&lng=-14.17245797>



Gestsstaðir í Fáskrúðsfíði. Efnistaka úr sethjalla vegna viðhalds vegna, hámark sett við 25.000 m² og 50.000 m³.

Vefsjá:

<https://geo.alta.is/fib/ask/?z=13.3&lat=65.01315335&lng=-14.17245797>



Tunga í Fáskrúðfirði (E-41). Efni hefur verið tekið úr farvegum Tunguár og Dalsár en með skilgreiningu efnistökusvæðisins er efnistakan færð upp úr farvegnum á þykkara set. Náman er á óræktuðum áraurum sem eru utan farvegjar.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fib/ask/?z=15.31&lat=65.03055565&lng=-14.13558096>



Griðnáma í landi Kappeyrar (E-42). Náman hefur verið í rekstri á smærra svæði. Efnisnám allt að 20.000 m² og 100.000 m³.

Malarnáma sunnan Þjóðvegjar (E-43). Yfirborð er raskað. Efnistaka allt að 25.000 m² og 50.000 m³.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fib/ask/?z=15.84&lat=64.92035097&lng=-13.95253033>



Víkurgerði við Fáskrúðsfjörð, malamáma (E-44). Yfirborð er raskað vegna fyrri efnistöku. Efnistaka allt að 25.000 m² og 50.000 m³. Náman er innan svæðis á C-hluta náttúruminjaskrár, þ.e. Sandfells, sem verndað er vegna rýðltskríða ofan 250m hæðarlínu og hefur engin áhrif á það.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fib/ask/?z=15.84&lat=64.92035097&lng=-13.95253033>



Grænnípa, malamáma (E-45). Efnistö er tekið úr skriðu í fjallshlíðinni og þar hefur efni verið tekið áð.úr. Tímabundin efnistaka vegna framkvæmda við Hringveg, hámark sett við 25.000 m² og 50.000 m³.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fib/ask/?z=15.84&lat=64.92035097&lng=-13.95253033>



Garósá í Stöðvarfirði, malamáma (E-50). Efni hefur áður verið tekið á staðnum og yfirborði raskað. Tímabundin efnistaka vegna framkvæmda við Hringveg, hámark sett við 25.000 m² og 50.000 m³.

Vefsíða:


<https://geo.alta.is/fib/ask/?z=14.48&lat=64.83190437&lng=-13.93788937>



Byrgisnes í Stöðvarfirði, grjótnáma (E-500). Tímabundin efnistaka vegna framkvæmda við Hringveg, hámark sett við 6.000 m² og 18.000 m³.

Vefsíða:


<https://geo.alta.is/fib/ask/?z=12.74&lat=64.81815315&lng=-14.12563571>



Merkigil milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar, malamáma á aurkeilu (E-52). Tímabundin efnistaka vegna framkvæmda við Hringveg, hámark sett við 25.000 m² og 50.000 m³.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fib/ask/?z=12.64&lat=64.83022000&lng=-13.87514686>



Hrafnagilsá í Breiðdal, malarnám úr aurkeilu (E-64). Efnistaka allt að 25.000 m² og 50.000 m³.

Vefsíða:

<https://geo.alta.is/fib/ask/?z=13.5&lat=64.76320455&lng=-13.98700330>

Metin eru áhrif á eftirtalda umhverfisþætti:

- Landkostir
- Landslag
- Vistkerfi
- Samfélag og byggðafesta

Landkostir

Um gæði landsins frá sjónarhóli möguleika til akuryrkju má hafa til viðmiðunar leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands sem auðlinda- og nýsköpunarráðuneytið gaf út í mars 2021. Þar kemur fram að land yfir 12% halla fer í fjórða flokk og land með halla 8-12% fer í þriðja flokk. Flokkunin fer einnig eftir jarðvegsþykkt, frá 75 cm í fyrsta flokki til 25 cm í þriðja flokki

Malartökusvæðin eru eðli málsins samkvæmt á setlögum eða aurkeilum, að mestu með þunnri eða engri jarðvegsþekju en ná þó að litlum hluta inn á tún sem ræktuð hafa verið upp á malarsetinu.

Skuggahlíðarbjarg er við gamla Oddskarðsveginn í um 120 metra hæð á óræktuðu landi í töluverðum halla.

Klappir vestan álfers eru einnig í óræktuðu hallandi landi.

Áhrif á landkosti teljast því óveruleg og neikvæð.

Landslag

Í viðauka við landsskipulagsstefnu, grein 6.0.1. er kveðið á um að skipulagsgerð sveitarfélaga taki ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. Leitast verði við að haga skipulagi byggðar og landnotkunar þannig að verðmætt landslag sé

varðveitt og að hönnun byggðar og bæjarryma leggi af mörkum til að efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og byggðu.

Öll efnistaka veldur raski og skilur eftir sár í landslaginu en með vönduðum frágangi má eyða þessum áhrifum að mestu. Stærstu setnámurnar sitja lágt í landinu og eru því ekki áberandi tilsiýndar af láglandi en grjótnámurnar og malarnámur úr aurkeilum liggja hærra og eru í hallandi landi. Grjótnáman vestan álfersins er alveg við Norðfjarðarveg og því áberandi á fjölfarinni leið.

Til mótvægis við neikvæð áhrif er mikilvægt að gengið sé frá þeim hlutum efnistökusvæða þar sem vinnslu er lokið jafnóðum. Með því að taka við uppgröfnu efni til haugsetningar sem ekki nýtist annars staðar má færa yfirborð nær fyrra horfi. Ákvæði um þetta eru í almennum skilmálum efnistöku- og efnislosunarsvæða.

Ekkert efnistökusvæðanna er á stöðum þar sem náttúruverndarákvæði gilda, að frátaltri námummi í Víkurgerði, þar sem áhrif á hið verndaða eru óveruleg.

Efnistakan telst hafa nokkur og neikvæð áhrif á landslag.

Vistkerfi

Tilgangur með skilgreiningu nýrra setnáma úr sjávarhjöllum eða árseti er að minnka efnistöku úr árfarvegum þar sem lífríki ána kann að vera hættu búin. Gert er ráð fyrir því að lífríki ána vegi þyngra en gróður eða smádyralíf sem kann að vera á yfirborði efnistökusvæðanna, enda fari það að verulegu leyti í fyrra horf eftir að frágangi er lokið. Ekki er vítað til þess að á neinum efnistökuastaðanna sé um sérstæðar eða fágætar vistgerðir að ræða. Í gögnum Náttúrufræðistofnunar kemur fram að skóglendi sé umhverfis Skuggahlíðarbjarg en mynd af vettvangi sýnir annað.



Yfirborð sunnan við núverandi námu við Skuggahliðarbjarg, sem raskað verður við stækkun námunnar (mynd: Google).

Áhrif á vistkerfi eru því metin óveruleg og neikvæð.

Samfélag og byggðafesta

Í stefnu stjórnvalda eru vandfundnar viðmiðanir sem eiga beint við um aðgangi að jarðefnum ljóst er að flestar húsbýggingar og framkvæmdir eru háðar slíkum aðgangi.

Samfélagslegt mikilvægi aðgangs að jarðefnum er því ótvírætt. Stefna um bættan aðgang að fjölbreyttum jarðefnum hefur því áhrif sem eru veruleg og jákvæð á umhverfisþáttinn.

Samantekt

Þótt efnistökusvæðin hafi neikvæð áhrif á ásjón og landslag meðan á vinnslu stendur eru þau að verulegu leyti afturkræf með vönduðum frágangi. Á móti koma brýnir samfélagshagsmunir af greiðum aðgangi að jarðefnum.

4 Samanlögð áhrif

Stefnuþættirnir sem teknir eru til mats eru í eðli sínu tvenns konar; annars vegar stefna um framkvæmdir vegna hafnar og vega ásamt efnistöku sem þeim fylgir og hins vegar um skógrækt. Hafnar- og vegaframkvæmdir ásamt efnistökusvæðum eru að langmestu leyti á láglendi við ströndina, þar sem fyrir eru innviðir og dreifð byggð. Gert er ráð fyrir að gengið verði frá efnistökusvæðum að lokinni no:kun og eldri vegir afmáðir þegar nýir taka við og varanleg áhrif verði því ekki veruleg.

Um samanlögð áhrif allrar skógræktar er jafn erfitt að fullyrða og um áhrif hvers svæðis fyrir sig. Það má vænta samlegðaráhrifa á svipmót landsins eftir því sem skógræktarreitum fjölga en hvort þau eru góð eða slæm veltur á gildismati þess sem á horfir. Kolefnisbinding eru í beinu hlutfalli við umfang skógræktarinnar.

5 Niðurstaða umhverfismats

Stefna um skógrækt er verulega jákvæð fyrir loftslag, lýðheilsu og samfélag. Skógrækt brýtur tegundasarsetningu, tegundafjölbreytni og ásjón en erfitt að fullyrða um það hvort áhrifin eru jákvæð eða neikvæð.

Áhrif ganga og vegabóta eru óveruleg og neikvæð á landslag, loftslag og náttúruminjar en veruleg og jákvæð á samfélag og byggðafestu.

Áhrif af ráðstöfun lands til stækkunar á Mjoeyrarhöfn eru metin óveruleg og neikvæð á landkost og landslag en veruleg og jákvæð fyrir samfélag og byggðafestu.

Pótt efnistökusvæðin hafi neikvæð áhrif á ásjýnd meðan á vinnslu stendur eru þau að verulegu leyti afturkræf með vönduðum frágangi. Á móti koma brýnir samfélagshagsmunir af greiðum aðgangi að jarðefnum.

6 Loftslagsmiðað skipulag

Mikil áhersla er lögð á viðbrögð við loftslagsbreytingum, bæði alþjóðlega, á landsvísi og á vettvangi sveitarfélaga enda hafa alvarlegar viðvaranir komið fram í skýrslum sérfræðingahóps [Milliríkjanéndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar](#). Með viðbrögðum er hér bæði átt við leiðir til að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar og aðgerðir sem miða að því aðlagast óhjákvæmilegum breytingum. [Parísarsamkomulagið](#) og [aðgerðaaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum](#) gefa tóninn en stefna sveitarfélaga skiptir einnig miklu máli. Skipulagsstofnun hefur afhent umhverfis- og auðlindaráðuneytinu [tillögu að viðauka](#) við [landsskipulagsstefnu](#) um loftslagsmiðað skipulag en tillagan hefur ekki hlotið staðfestingu Alþingis þegar þetta er ritað.

Samhliða móttun tillögu um endurskoðað aðalskipulag var mótuð [umhverfis- og loftslagsstefna](#), staðfest í apríl 2021, sem innlimuð hefur verið inn í aðalskipulagstillöguna eftir því sem við á. Á allmörgum stöðum í aðalskipulagstillögunni má sjá markmið sem varða viðbrögð við loftslagsbreytingum og útfærslu þeirra í skipulagsákvæðum. Hér fer á eftir yfirlit yfir þessa stefnumörkun en viðeigandi kaflanúmer eru sett fram innan sviga.

- Sett er stefna (3.2.2) um þéttingu byggðarinnar og skýr þéttbýlismörk sem jafnframt eru vaxtarmörk. Með þessu er leitaft við að stytta akstursleiðir og gera virka fararmáta fýsilegri. Stefnan er útfærð í almennum skilmálum fyrir íbúðarsvæði, miðsvæði og þéttbýlismörk.

- Stefna um góða nærþjónustu í öllum þéttbýlissstöðum er einnig til þess fallin að stytta akstursvegalengdir (3.3.2).
- Í forsendukefna um lýðheilsu (3.4.1) eru settar fram leiðbeinandi upplýsingar um hvernig stýðja megi við virka fararmáta innan þéttbýlis. Þar kemur einnig fram ásetningur um að skilgreina heilstætt stígakerfi (3.4.2).
- Í kafla um vegi og stíga eru sett markmið (4.1.2) um gerð jarðganga sem stytta leiðir milli staða. Þar er einnig sett stefna um að gert skuli ráð fyrir fjölbreyttum ferðamátum í deiliskipulagi íbúðar- og miðsvæða.
- Sett er stefna um almenningssamgöngur og gert ráð fyrir meginbiðstöðvum á miðsvæðum þéttbýlisstaðanna (4.2.2).
- Tekið er frá rúmgótt hafnarsvæði austan álversins þar sem svigrúm er fyrir græna atvinnustarfsemi sem getur m.a. snúist um orkuskipti og nýtingu glatvarma frá álverinu (4.3.1).
- Gert er ráð fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku og þannig skapaðar forsendur fyrir orkuskiptum og hagnýtingu grænnar orku (4.6.2).
- Stefna um hraðvirk fjarskipti hvarvetna í sveitarfélaginu er til þess fallin að fækka ferðum fólks (4.7.2).
- Stefna um sem greiðastan aðgang að jarðvarma er útfærð með heimild fyrir borholur í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði, opin svæði og skógræktar- og landgræðslusvæði (4.9.2).
- Stefnt er að minnkaðri losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar með hvatningu til landeigenda og markvissum aðgerðum á landi í eigu sveitarfélagsins (5.2.2). Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði er tekið fyrir framræsingu votlendis nema hún sé forsenda matvæla- eða fódurframleiðslu eða vegna samfélagslega mikilvægra þarfa. Landeigendur eru hvattir til endurheimtar votlendis.

- Rúmar heimildir eru til skógræktar á opnum svæðum og á landbúnaðarsvæðum, bæði vegna umhverfisbóka og gagnert til að binda kolefni (5.2.2).
- Allmargir reitir í flokki skógræktar- og landgræslusvæða eru afmarkaðir í samræmi við samninga landeigenda um nytjaskógrækt.
- Stefnt er að auknum hlut umhverfisvænna orkugjafa og gefna almennar heimildir á landbúnaðarsvæðum og opnum svæðum til orkuöflunar að 200 kW (5.4.2).

7 Helstu forsendur

Hér á eftir eru dregrar fram helstu forsendur skipulagsgerðarinnar sem snúa að búsetu og atvinnulífi en áþekka umfjöllun var að finna í skipulags- og matslýsingu sem kynnt var vorið 2020. Gögn hafa verið uppfærð eftir því sem tók eru á.

Í greinargerð aðalskipulagsins er efnið þannig fram sett að fyrir hvern málaflökk eru fyrst settar fram forsendur og síðan markmið. Í flestum tilfellum eru forsendur sem þar koma fram nægilega greinargóðar en um búsetu og atvinnulíf er árið nokkuð dýpra hér til að gefa fyllri heildarmynd.

7.1 Þróun íbúafjölda og búsetu



Þegar skoðaðar eru íbúatölur fyrir nýtt sameinað sveitarfélag sést að heildaríbúafjöldinn hefur verið nokkuð stöðugur frá árinu 2011. Fyrir þann tíma voru nokkrar sveiflur í íbúafjölda í tengslum við byggingu álversins. Tölur um íbúafjölda miðast við 1. janúar hvert ár.

Á hinn bóginn hefur þróun íbúafjaldans verið ólík eftir þéttbýlisstöðum og þá í meginatriðum þannig allhröð fjölgun hefur verið á Reyðarfirði, nokkur á Fáskrúðsfirði en annars staðar stendur fjöldinn í stað eða lækkar.

Tafla og línurit hér á eftir eru byggð á gögnum Hagstofunnar.


	2011	2021	Árleg breyting
Neskaupstaður	1437	1469	0,09%
Eskifjörður	1033	1040	0,18%
Reyðarfjörður	1090	1348	2,25%
Fáskrúðsfjörður	660	702	0,52%
Stöðvarfjörður	200	181	-0,56%
Breiðdalsvík	136	129	-0,22%
Dreifbýli	226	201	-1,26%
Samtals	4782	5070	0,60%

Mannfjöldi í Fjarðabyggð 1998-2021



Meðalaldur íbúa hefur farið hækkandi eins og á landinu öllu.


Meðalaldur er nokkuð ólíkur eftir þéttbýliskjörnum. Breytileikinn er meiri á fámennari stöðum enda vegur þar hver einstaklingur þyngra. Meðalaldur á Stóvarfirði og Breiðdalsvík er áberandi hærrí en á hinum stöðunum.




Myndirnar sýna aldursskiptingu. Þróunin er sú að nokkuð hratt fjölgar í hópi eldri borgara meðan fjöldi barna er sveiflukenndur, án greinilegrar langtímaþróunar.

Mannfjöldi eftir fjölskyldugerðum í Fjarðabyggð sýnir svipaða þróun og annars staðar á landinu. Einstaklingum og þörum án barna fjölgar meðan fjöldi barnafjölskyldna stendur í stað. Hafa þarf í huga að ungmenni, 18 ára og eldri, sem eru ekki í sambúð, teljast sérstök fjölskylda og stór hluti þeirra býr í foreldrahúsum.


Aldurshópar í Fjarðabyggð 1998-2021




Hlutfall eftir 5 ára aldursbilum



Mannfjöldi eftir fjölskyldugerðum




Hagstofan spáir fyrir um þróun íbúafjölda á landinu öllu og myndin hér fyrir neðan sýnir spá sem var uppfærð í janúar 2021. Meðal þátta sem hafa áhrif á spána er fjöldi aðfluttra og brottfluttra en hann ræðst að hluta af hagsveiflu.



Erfitt er að segja til um hver hlutur Fjarðabyggðar verður í þeirri fjögun sem þarna er spáð.

Byggingastofnun útbýr n annfjöldaspár fyrir hvert sveitarfélag. Myndin hér fyrir neðan sýnir spá fyrir Fjarðabyggð í skýrslu sem gefin var út í september 2019. Brotið inur sýna 80% spábil, þ.e. 80% líkur eru taldar á því að raunveruleg þróun verði innan brottalinanna. Athuga ber að fjöldi karla og kvenna er sýndur og heildarfjöldinn því summa linanna tveggja.



Úr þessum spám er erfitt að lesa hvað þróun er að vænta í Fjarðabyggð. Helsta viðfangsefnið er því að glíma við óvissu og breytileika í fjölda íbúa.


7.2 Húsnæði og lóðir

Hlutfallslegur fjöldi íbúða eftir íbúðargerðum er sýndur á myndinni hér til hliðar. (Þjóðskrá, nóv. 2019). Reyðarfjörður sker sig úr með hátt hlutfall íbúða í fjölbýlis- og raðhúsum.

Lóðaframboð kemur fram í Húsnæðisstefnu og -áætlun Fjarðabyggðar 2019-2022. Hér er um að ræða lóðir tilbúnar til afhendingar.

Byggðarkjarni	Einbýli	Par/raðhús	Fjölbýli	Samtals
Neskaupstaður	6			6
Eskifjörður	12	18		30
Reyðarfjörður	55	27	8	90
Fáskrúðsfjörður	33	8		41
Stöðvarfjörður	15			15
Samtals	121	53	8	182

Frá og með árinu 2010 hafa 12 nýjar íbúðir verið byggðar í Fjarðabyggð, þar af 8 í einbýli og 4 í raðhúsum. Af þessum 8 einbýlishúsum eru 6 í dreifbýli, eitt í grónu hverfi á Reyðarfirði og eitt á nýbyggingarsvæði á Reyðarfirði. Eitt raðhús með fjórum íbúðum hefur verið byggt í Neskaupstað.



Hér á eftir er yfirlit yfir lóðir sem skilgreindar hafa verið í deiliskipulagi en þær eru ekki allar tilbúnar til afhendingar. Við endurskoðun aðalskipulags kann að vera ástæða til að setja stefnu um breytingu á þeim húsagerðum sem deiliskipulag einstakra svæða gerir ráð fyrir, með það fyrir augum að bregðast við breytingum í fjölskyldustærðum og aukinni eftirspurn eftir minni íbúðum.

Neskaupstaður

Auðar lóðir eru fyrir hendi austast í bænum á svæðum sem hafa verið deiliskipulögð sem Bakkar 2 og 3. Alls er þar um að ræða 17 einbýlishúsaloðir og lóðir fyrir 2 raðhús með samtals 8 íbúðum.

Þéttling er möguleg á stökum lóðum í eldri byggð.

Eskifjörður

Á Eskifirði er ný byggð einkum vestast í bænum. Þar eru óbyggðar 11 eirbylishúsalóðir og 3 parhúsalóðir. Að auki eru lausar 3 einbylishúsalóðir austast í bænum, við Hlíðarendaveg.

Reyðarfjörður

Í vesturhluta bæjarins, Stekkjum 1 og 2 (1), eru um 90 einbylishúsa- og parhúsalóðir óbyggðar skv. deiliskipulagi frá 2002.

Vestan Búðarár (3) hafa nokkur raðhús verið byggð og rúm eftir fyrir 11 íbúðir í raðhúsum, auk 20 lóða fyrir einbýlis- og parhús.

Austan Stekkjagils (8) eru óbyggðar lóðir fyrir 21 einbýlishús, 2 parhús og 16 íbúðir í fjölbýli.

Í austurenda bæjarins (Breiðimelur, Meltún) eru óbyggðar 22 lóðir fyrir eirbylishús, 34 íbúðir í raðhúsum og 16 íbúðir í fjölbýli.

Fáskrúðsfjörður

Vestast í bænum (Holtahverfi og Hlíðarbrekka) eru, skv. deiliskipulagi frá 2005, lóðir fyrir 50 einbýlishús, 7 parhús, 15 íbúðir í raðhúsum og 36 íbúðir í fjölbýli.

Að auki kunna að vera möguleikar í þéttingu á grónum svæðum.

Stöðvarfjörður

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir íbúðarsvæði á Stöðvarfirði en mögulegt að koma fyrir stökum nýjum lóðum í eldri byggð.

Breiðdalsvík

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir íbúðarsvæði á Breiðdalsvík en mögulegt að koma fyrir stökum nýjum lóðum í eldri byggð.

7.3 Atvinnustarfsemi

Með bættum samgöngum, einkum með tilkomu jarðganga, hafa bæirnir í Fjarðabyggð nálgast það að verða eitt atvinnusvæði. Áætlunarferðir á vegum ALCOA eru vísi- að almenningssamgöngum sem starfsfólk annarra fyrirtækja getur nýtt sé. Nokkuð er um að fólk búi t.d. á Egilsstöðum en vinni í Fjarðabyggð. Með þessu hefur aðgangur atvinnulífsins að fjölbreyttu vinnuafli batnað.

Opinber gögn um atvir nustarfsemi fyrir hvert sveitarfélag eru af skornum skammti en dálifið er til fyrir landshluta, t.d. hjá Hagstofunni og Bygðastofnun. Vegna þess hve eðlisólík atvinnustarfsemi er t.d. í Múlaþingi samanborið við Fjarðabyggð er lífið hægt að álykta af gögnum sem gilda um Austurland allt. Margvíslegar upplýsingar um þróun atvinnulífs á austurlandi er að finna á vef Sjálfbærni- og atvinnulífs á Austurlandi, <https://www.sjalfbaeri.is>.



Sjávarútvegur

Verulegum hluta af fiskafli þjóðarinnar er landað í höfnum Fjarðabyggðar en magnið er nokkuð breytilegt milli ára. Myndirnar hér á eftir sýna hve miklum aflu er landað í hverjum þéttbýliskjarna (gögn Hagstofu).

Fjöldi fiskiskipa hefur ekki breyst mikið milli 2011 og 2020 nema þá helst á Stöðvarfirði þar sem þeim hefur fækkað um þriðjung.

Flutningar

Önnur stærsta flutningahöfn á landinu



Landbúnaður

Starfandi eru um 40 fjárbú en nautgripaeldi eða mjólkurframleiðsla er á 8 búum (tölur frá Matvælastofnun).

Gerðir hafa samningar um nytjaskógrækt í atvinnuskyni á um 20 svæðum. Þessi svæði eru innan reita í flokki skógræktar- og landgræðs usvæða á aðalskipulagsuppráttum.

Fiskeldi

Fiskeldi hefur farið mjög vaxandi á allra síðustu árum. Um er að ræða sjúkvíældi í Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Berufirði. Á árinu 2020 voru framleidd rúm 10.000 tonn af laxi (sjá [mælaborð fiskeldis hjá MAST](#)).

Gera má ráð fyrir að framleitt magn aukist á næstu árum.

Mótuð hefur verið stefna um fiskeldismál í sveitarfélaginu til þess að samræma fiskeldi öðrum hagsmunum og málaflokkum.

Ferðaþjónusta

Ferðamálastofa birtir gögn um staðsetningu ferðaþjónustuaðila á landinu og þjónustuflokka. Undir flokkinn “gisting” falla gististaðir með rekstrarleyfi í flokki 2-4 skv. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, þ.e. gististaðir aðrir en heimagisting. Á vegum þessara aðila eru um 350 gistirými og um 1000 rúm hjá 23 rekstraraðilum. Tjaldsvæði eru í þéttbýliskjömunum.

Meðal áhersluatriða í Áfangastaðaáætlun Austurlands sem varða skipulag landnotkunar í Fjarðabyggð eru:

- Þróun gönguleiða og áhugaverðrar náttúruupplifunar í útivist.
- Nýta fjölbreytni í leiðavali og bæta áningarstaði.

- Þróun ferðamefnisku á sjó, t.d. móttöku skemmtiferðaskipa, könnun Austurlands frá sjó og sjávar tengdar upplifanir.
- Blöndun ólíkra gístmöguleika.

Í áfangastaðaáætlunin eru tilgreindir 12 ferðamannastaðir sem eru ýmist nú þegar vinsælir viðkomustaðir eða staðir sem gætu þróast sem slíkir.

Iðnaður

Álver ALCOA er stærsti vinnuveitandinn í sveitarfélaginu en breytingar á starfsemi þess eru ekki fyrirseðar.

Á undanförunum árum komið fram margvíslegar hugmyndir um plássfreka iðnaðar- og hafnarstarfsemi sem gæti notið góðs af sterkum orku- og samgönguinnviðum á Mjóeyri. Til dæmis var undirrituð viljayfirlýsing Fjarðabyggðar, Landsvirkjunar og CIP sem varðar grænan orkugarð á Reyðarfirði. Í fyrstu verja kannaðir kostir þess að framleiða rafeldsneyti með vetni á Reyðarfirði en einnig verður farið í að skoða og greina möguleg samlegðaráhrif við aðra starfsemi á svæðinu. Þar verður meðal annars horft til möguleika á orkuskiptum í sjávarútvegi og landflutningum, endurnýtingu varma til núshitunar á Reyðarfirði og notkun súrefnis við landeldi á fiski. Viljayfirlýsing liggur fyrir um að kanna fýsileika þjónustmiðstöðvar fyrir fiskeldi í Stöðvarfirði. Áður hafa verið skoðaðar hugmyndir um nýtingu glatvarma frá álverinu fyrir seyðaaeldi, umskipunarmiðstöð fyrir gáma, aðstöðu fyrir oliuleit og birgðahald, svo eitthvað sé nefnt. Það er sveitarfélaginu mjög mikilvægt að geta sýnt fram á að rúmgott svæði til þessara þarfa sé þegar staðfest í skipulagi.

Opinber störf

Í Fjarðabyggð voru 243 stöðugildi á vegum ríkisins í árslok 2018 (Byggðastofnun, september 2019). Það svarar til 0,048 stöðugilda á íbúa í Fjarðabyggð meðan samsvarandi hlutfall er 0,069 fyrir landið allt.

Á vegum sveitarfélagsins voru 376,6 stöðugildi þann 1. apríl 2019, sem er í meðallagi miðað við hlutfall af íbúafjölda í öðrum sveitarfélögum.

